



Skýrsla og ársreikningur fyrir leikárið 2013-2014

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir leikárið 2014-2015

Starfsemi Gaflaraleikhússins á leikárinu 2103-14

Gaflaraleikhúsið lauk síðasta leikári á sama tíma og Hafnarfjarðarbær gerði nýjan 3 ára samning við leikhúsið. Við sem rekum Gaflaraleikhúsið erum ánægð með hvernig tekist hefur til á samningstímabilinu. Þrátt fyrir lítil fjárráð hefur okkur tekist á þremur árum að búa til lítið leikhús fyrir 220 áhorfendur, með áhorfendapöllum, stólum og lágmarks tæknibúnaði. Okkur tókst líka þrátt fyrir að fá engan verkefnastuðning frá Leiklistarráði að setja upp 4 ný íslensk verk í samstarfi eða einin, Ævintýri Múnkhásens, Blakkát, Hjartaspaða og Unglinginn. Það er ekki hægt að segja annað en að þau hafi fallið vel í kramið bæði hjá áhorfendum og gagnrýnendum. 113 sýningar, 17.000 gestir og 6 Grímutilnefningar eru vitni um það. Leikhúsið hefur einng frá upphafi lagt mikla áherslu á kennslu í leiklist fyrir börn og ungmenni og hefur náð góðum árangri í því, bæði með samstarfi við grunnskóla bæjarins og sjálfstæðum námskeiðum. Samstarf við Leikfélag Hafnarfjarðar sem hefur einnig afnot af leikhúsinu hefur gengið vel og leikhúsið hefur einnig verið leigt út til fjölda hópa. Á síðustu þremur árum hafa um 30.000 gestir komið í Gaflaraleikhúsið.

Sýningastarfsemi í leikhúsinu var með ágætum á leikárinu 2013 til 2014. Sýningar á Blakkát með Björk Jakobsdóttur héldu áfram frá leikárinu 2012 til 2013 og lauk sýningum í nóvember. Sýningar á verkinu voru alls 38 en 4 sýningar voru á Akureyri. Leikhúsið hafði frumsýnt leikritið Hjartaspaða í leikstjórn Ágústu Skúladóttur í janúar 2013 við glimrandi góðar viðtökur gagnrýnenda og uppskar tvær tilnefningar fyrir Grímuna sumarið 2013. Sýndar voru 4 sýningar á haustdögum. Í október setti leikhúsið upp leikritið Unglinginn eftir þá Arnór Björnsson og Óla Gunnar Gunnarsson í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur. Það sló algerlega í gegn og unglingarnir ásamt pabba og mömmu flykkust í leikhúsið allan veturinn. Unglingarnir fóru síðan í rómaðar leikferðir um Suðurland í febrúar og mars, tók þátt í alþjóðlegri leiklistarhátíð Assitej í Reykjavík í apríl og fóru svo til Noregs í maí. Leikhúsið gerði samning við Senu um upptöku á leikritinu og verður það sýnt á RÚV síðar á næsta ári. Alls urðu sýningarnar á Unglingnum 40 talsins og gestir rúmlega 6.000. Leikhúsið prófaði að vera með leikrit á Víkingahátíð fyrir erlenda gesti og fékk til samtarfs við sig Möguleikhúsið sem sýndi Völuspá á ensku undir nafninu „The Viking Prophecy“. Sú tilraun skilaði ekki mörgum áhorfendum og eru aðrar hugmyndir uppi um verkefni á Víkingahátíð í framtíðinni.

Að venju tók leikhúsið á móti nokkrum danshópum sem sýndu skemmtilegar sýningar í ágúst og haustið 2013. Einnig var sýning á lokaverkefnum Sólveigar Evu Magnúsdóttur og Bergdísar Júlíu Jóhannesdóttur úr Rose Bruford leiklistarskólanum í London með Spindrift leikhópnum um sumarið. Leikhúsið var einnig leigt út til leikhópa og má þar nefna Herranótt, Menntaskólans í Reykjavík sem sýndi Títus eftir William Shakespeare í mars 2014. Við fengum einnig erlenda leikhópa í heimsókn og í mars 2014 kom kanadíski leikhópurinn Human Cargo og sýndi leikritið Nótt, sem er afar athyglisvert verk um inúíta í Kanada. Ómar Ragnarsson kom í heimsókn til okkar í febrúar og mars með skemmtilega uppstandssýningu, Ómar æskunnar. Gaflaraleikhúsið hefur haldið áfram samstarfi við atvinnuleikhópa á landsbyggðinni og í apríl kom Kómedíuleikhúsið frá Ísafirði með barnaleikritið Höllu og sýndi nokkrum sinnum. Leikfélag Hafnarfjarðar var að venju með verk á fjölunum á síðasta leikári og var með örverkahátíðina Hið vikulega í vor. Leikhúsið hefur stutt við Óríon leikhópinn sem er hópur ungmenna sem hafa orðið fyrir einelti og hóf samstarf í starfi Regnbogabarna í Gamla bókasafninu. Þau hafa fengið inni með sýningar í leikhúsinu og sýndu nýtt verk í maí. Tónleikar hafa einnig fengið rými í húsinu nokkur kvöld auk ýmissa funda. Gestir í húsinu á síðasta leikári voru um 12.500.

Leiklistarkennsla Gaflaraleikhússins

Nóg var að gera í leiklistarkennslu leikhússins á leikárinu og um 60 börn á aldrinum 8-13 ára tóku þátt sumarið 2013. Það var einnig reynt að vera með námskeið fyrir yngri hópa á aldrinum 6-7 ára en þau hlutu ekki hljómgrunn hjá foreldrum. Námskeiðahaldið fyrir 8-13 ára börnin hélt síðan áfram um haustið og gekk ágætlega undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Björk Jakobsdóttir og Gunnar Helgason tóku svo við keflinu veturinn 2014 og héldu vel utan um þennan yngsta hóp nemenda við leikhúsið. Samstarfið við skólaskrifstofu og flesta grunnskóla bæjarins um leiklistarval gekk afar vel og nemendum fjölga ár frá ári. Um 110 unglingar voru í leiklistarvalinu þetta árið. Námið gekk mjög vel undir stjórn Garúnar Daníelsdóttur og Bjarkar Jakobsdóttur. Undirbúningur, æfingar og kennsla fyrir hið árlega verkefni 10 bekkinga gekk vel undir stjórn Garúnar Daníelsdóttur og þau frumsýndu nýtt verk á grunnskólahátíð Hafnarfjarðar í febrúar við góðar viðtökur.

Verkefni í leikhúsinu á leikárinu

Möguleikhúsið, Völuspá	15-16 júní	2 sýningar	áhorfendur 135
Spindrif Theatre, Þríleikur	6 Júlí 2013	1. Sýning	áhorfendur: 85
Úndúla danshópur – Undraland	ágúst/september	3. Sýningar	áhorfendur 394
Blakkát	október/nóvember	6. Sýningar	áhorfendur 1020
Hjartaspaðar	október/nóvember	4. Sýningar	áhorfendur 723
Bílskúrshljómsveitirnar-tónlistarhátíð	19. október	1 sýning	áhorfendur 160
Unglingurinn	október/desember	13 sýningar	áhorfendur 2042
Dansýningar Listdansskóla Hafnafj	Nóvember/desember	2 sýningar	áhorfendur 440
Danssýning Dansskóla BB	1 desember	1 sýning	áhorfendur 220
Unglingurinn	janúar – maí 2014	27 sýningar	áhorfendur 4087
Grunnskólahátíð	5 febrúar	3 sýningar	áhorfendur 575
10 bekkjar sýning foreldrar	6 febrúar	1 sýning	áhorfendur 140
Herranótt, Títus	febrúar - mars	4 sýningar	áhorfendur 662
Ómar Ragnarsson, Ómar Æskunnar	febrúar – mars	4 sýningar	áhorfendur 332
Leikfélag Hafnarfjarðar, Hið vikulega	mars – apríl	4 sýningar	áhorfendur 380
Lindarskóli – nemendasýning	10. Apríl	1 sýning	áhorfendur 220
Kómedíuleikhúsið, Halla	26-27 apríl	2 sýningar	áhorfendur 245
Framboðsfundir stjórnmalaflokkana	maí	3 sýningar	áhorfendur 240
Styrktartónleikar Lífssýnar	22. Maí	1 sýning	áhorfendur 220
Óríon leikhópurinn	25-26 maí	2 sýningar	áhorfendur 185
		83 sýningar	12.505 gesti

Rekstrarreikningur 2013

Rekstrartekjur og rekstrargjöld

		2012	2013
Rekstrartekjur			
Rekstrarstyrkur	Hafnarfjarðarbær	5.000.000	5.000.000
Miðasala		11.951.000	7.311.000
Veitingasala		2.352.100	2.718.380
Leiklistarkennsla	Grunnskólar	2.092.600	3.141.386
Námskeiðsgjöld	8-12 ára	1.992.200	1.646.200
Leigutekjur		50.000	270.000
Styrkir	Einkaaðilar	510.000	200.000
Vextir		13.110	23.051
Samtals		23.961.010	20.310.017

Rekstrargjöld

		2012	2013
Sýningar og útleiga			
Framleiðslukostnaður	sýningar	3.793.274	1.640.850
Sýningarkostnaður	Sýningarlaun, ræsting, tæknimenn, miðasala	9.215.397	4.949.223
Kostnaður	útleiga	14.500	217.000
Leiklistarval í grunnskólum og námskeið			
Kostnaður námskeið	8-12 ára auglýsingar, laun, búningar, smink	1.690.336	1.705.766
Kostnaður kennsla	Laun, búningar, leikmynd, smink	1.488.000	2.094.835
Rekstur Leikhús, skrifstofa, veitingar			
Laun/launatengd	Framkvæmdastjóri	3.598.000	4.180.945
Laun/verktakar	Tæknimenn	460.000	431.500
Ræsting og sorphirða	Ræsting utan sýninga	272.975	251.935
Öryggiskerfi		244.216	236.298
Viðhald tækjabúnaðar		325.504	249.024
Tryggingar		84.700	46.500
Skrifstofa	vörur, STEF, félgjöld, kaffi, fundir, bifarkostn	784.980	818.273
Veitingarekstur	Vörukaup, vsk, laun, búnaður, tæki	1.382.483	2.313.400
Kaup á búnaði	Áhorfendapallar, ljós, tæknibúnaður	2.531.190	811.606
Frá fyrra ári		156.185	160.000
Bankakostnaður		39.560	32.083
Vextir		2.621	4.610
Samtals		26.083.921	20.143.848
Rekstrarhagnaður (tap)		-2.122.911	166.169

Efnahagsreikningur 2013

Eignir	2012	2013
Áhorfendapallar	3,769.727	3.919.727
Ljósabúnaður og tæki	580.000	881.106
Skammtímakröfur	408.200	2.071.728
Handbært fé sjóður 31. desember	969.067	642.499
Eignir samtals	5,725.994	7.515.060

	2012	2013
Eigið Fé	5.009.876	6.545.834
Skuldir	716.118	827.762
Skuldir og eigið fé alls	5.725.994	7.515.060

Starfsáætlun næsta leikárs

Í vor var skrifaði Gaflaraleikhúsið undir nýjan 3 ára rekstarsamning við Hafnarfjarðarbæ. Þær breytingar voru gerðar í þessum samningi að nú tekur leikhúsið yfir allan rekstur húsnæðisins að Víkingastræti 2 en í eldri samningnum stóð Hafnarfjarðarbær straum af leigugreiðslum, hita og rafmagni. Samningurinn er upp á 20 milljón kr. rekstrarstyrk ár hvert til ársloka 2017 sem er sú upphæð sem bærinn hefur lagt til starfsemi leikhússins undanfarin ár. Leigusamningur bæjarins við leigufélag hússins rann út í lok maí og tókust samningar á milli Gaflaraleikhússins og leigufélagsins skömmu áður um 3 ára leigusamning. Það tókst að fá 37% lækkun á leigunni miðað við þá leigu sem hafði verið greidd af bænum. Þetta þýðir að leikhúsið hefur nú möguleika á því að fjármagna að verulegu leyti eina stóra sýningu á ári af eigin fé. Það fer þó að vísu eftir árferði því leiga, laun og aðrir kostnaðarliðir eru háðir verðlagshækkunum. Fjármögnun næsta leikár ber einnig keim af því að leikhúsið varð að leggja fram leigutryggingu upp á 2.5 milljón króna gegn handveði sem nýtast ekki nema sem vaxtatekjur í lok árs.

Áætluð starfsemi leikhússins á komandi leikári er metnaðarfull og lofar góðu um blómlegt starf.

Í haust ætlar leikhúsið að hefja formlega starfsemi deildar sem leggur áherslu á leikverkefni með ungu fólki á aldrinum 15-25 ára. Verkefnið er hugsað sem ákveðið framhald af skólastarfi leikhússins og reynslunni af Unglingnum á síðasta ári. Leikhúsið vill opna vettvang fyrir ungmenni sem hafa mikla getu sem leikarar að þróa sig og þroskast og vera brú yfir í framhaldsnám í leiklist og atvinnumennsku.

Ákveðið hefur verið að setja upp tvö leikrit í deildinni. Annað er með 4 strákum á aldrinum 16-20 ára og hitt með 6 stelpum á aldrinum 18-22. Verkefnið hafa vinnuheitin „Strákarnir“ og „Stelpurnar“ og eru nú í smíðum í samvinnu leikstjórans Bjarkar Jakobsdóttur og hópanna. Áætluð frumsýning verkanna er í lok október og í nóvember.

Í október hefjast æfingar á nýju barna og fjölskylduleikriti eftir þá Gunnar Helgason og Felix Bergsson sem ber heitið Bakaraofninn-þar sem matargerð er lyst. Einvalið kemur að sýningunni sem verður í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur, með Gunna og Felix á sviðinu, Agli Ingibergssyni í leikmynd og ljósum og Kristjáni Ingimarssyni úr BLAM í leiksviðsbrellum. Áætlað er að frumsýna verkið í byrjun febrúar 2015.

Í nóvember hefur nýr leiklistarhópur úr Menntaskólanum sem kallar sig Frúardag leigt leikhúsið fyrir söngleikinn Leg eftir Hugleik Dagsson. Það er alltaf gaman fá gesti úr Reykjavík. Í nóvember hefjast einnig æfingar á Þóglólógóland eftir Ástu Júlíu Elíasdóttur sem leikstýrir. Þetta er sýning fyrir leikskólabörn og verður hún frumsýnd um miðjan janúar.

Önnur verkefni á leikárinu eru dálítið háð því hvort að stuðningur fái úr Leiklistarráði. Leikhúsið sendi í fyrra inn 3 umsóknir um fjárstuðning úr Leiklistarráði auk umsóknar um þríhliða samning á milli leikhússins, Hafnarfjarðarbæjar og Menntamálaráuneytisins. Samhliða þessum umsóknum var sótt um listamannalaun fyrir listamennina í þessum verkefnum. Engin stuðningur fékkst frekar en árin á undan.

Nú hafa orðið þær breytingar á verkefnastyrkjum Menntamálaráðuneytisins að Leiklistarráð og Launasjóður Sviðslistafólks hafa verið sameinuð undir eina stjórn. Eins er búið að opna fyrir þann möguleika að gera þríhliða verkefnasamninga við leikhópa sem eru í samstarfi við sveitarfélög eða einkaðila.

Gaflaraleikhúsið ætlar því enn einu sinni að sækja um þríhliða samning við Menntamálaráðuneytið og vonar að stuðningur sé fyrir því innan menningar og ferðamálanefndar og bæjarstjórnar. Eins ætlar leikhúsið að

sækja um verkefnastyrki til fjögurra nýrra verkefna sem yrðu þá sett upp í lok leikársins og á næsta leikári. Þetta eru verkin Einar Ben eftir Karl Ágúst Úlfsson og Biblían á 100 mínútum eftir sóknarprestinn á Möðruvöllum og Ljóta Hálfvitann Odd Bjarna Þorkelsson. Bæði þessi verk verða í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Eins er ætlunin að sækja um styrk fyrir nýtt verk eftir Charlotte Böving, sem hefur getið sér gott orð í íslensku leikhúsi og bíómyndum sem heitir „Næstum því unglíngur“ og verkið Þankagang eftir Völu Þórsdóttur sem fjallar um 10 ára pólska stelpu sem finnur frábæra leið til að vinna á fordómum í sinn garð.

Nýjar hugmyndir eru upp um sumarverkefni í tengslum við víkingahátíð og aðra viðburði í bænum. Í sumar hélt leikhúsið utan um listahóp Vinnuskólans og hann var með uppákomur á 17 júní og við komur skemmtiferðaskipa í bæinn. Hópurinn gat ekki sinnt fleirri verkefnum vegna takmarkaðs vinnutímafjölda. Eins hefði þurft fjármagn fyrir búningum og gervum. Hugmyndir eru að fá styrktaraðila að hópnum sem gerði honum kleyft að starfa allt sumarið, vinna verkefni fyrir víkingahátíð, 17 júní, álfahátíð, langa laugardaga og fleirri viðburði. Hægt væri einnig að flétta inn í eitthvað af þessum verkefnum börnum úr sumarnámskeiðum leikhússins.

Samstarf Gaflaraleikhússins og Leikfélags Hafnarfjarðar hefur verið gott og reiknað er með tveimur til þremur verkefnum leikfélagssins á þessu leikári auk samstarfs í sumar. Frumsýnt verður nýtt verk með félaginu í október undir leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar og í mars 2015 munu þau frumsýna verk undir leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Í desember verður aftur slegið upp örverkasyrpu þegar þau sýna Hið vikulega nokkru sinnum.

Áætlað er að námskeiðahald og leiklistarnám verði með svipuðum hætti og áður. Kennsla fyrir 8. Bekk verður í haust undir handleiðslu Magnúsar Guðmundssonar leikara og leikstjóra og kennsla fyrir 9. Bekk verður í allan vetur undir leiðsögn þeirra hjóna Bjarkar Jakobsdóttur og Gunnars Helgasonar. Námskeiði og verkefni fyrir 10 bekinga undir leiðsögn Ágústu Skúladóttur lýkur í febrúar með sýningu á grunnskólahátíð. Námskeið fyrir 8-13 ára börn hefjast í október og standa fram í apríl. Áætlað er að sumarnámskeið leikhússins verði síðan með svipuðum hætti og venjulega nema þau verða að öllum líkindum tengd fyrirhuguðum verkefnum í tengslum við víkingahátíð, álfahátíð og aðra viðburði í bænum næsta sumar.

Ýmislegt nýtt er einnig í gangi. Í vor skrifaði Gaflaraleikhúsið undir samning við Flensborgarskóla og nemendafélag Flensborgarskóla um að sjá um leiklistarkennslu, leikstjórn og uppsetningu á verki með nemendum skólans. Þetta verkefni er komið í fullan gang og verður leiksýning Flensborgarskólans frumsýnd í lok febrúar 2015.

Fyrir tveimur árum tók Gaflaraleikhúsið þátt í umsókn til Menningarstyrkja Evrópska Efnahagssvæðisins (EEA sjóðnum) með Menningarhúsinu í Wrocław í Póllandi, Bíó Paradís og Myndlistarskóla Reykjavíkur um verkefni sem heitir „Ísland og Pólland vinna á móti aðskilnaði í leikhúsi“ og fjallar um að sýna leikverk með hljóðlýsingu (audio description) fyrir blinda og sjónskerta. Í fyrra fékk verkefnið 30 milljón króna styrk frá EES sjóðnum og var fyrsta verkefnið sýnt í Bíó Paradís á síðasta ári. 20. september næstkomandi verður pólski einleikurinn Lík mitt eftir Boguslav Kierc sýnt í Gaflaraleikhúsinu með hljóðlýsingu. Næsta haust fer síðan verk frá Gaflaraleikhúsinu til Wrocław sömu erinda.

Gaflaraleikhúsið hefur á undanförunum árum myndað erlent tengslanet í gegnum þáttöku í Leiklistarsambandinu, Samtökum sjálfstæðu leikhúsanna og Assitej, samtökum leikhúsa fyrir unga áhorfendur. Gaflaraleikhúsið mun því taka þátt í að skipuleggja Alþjóðaleikhúshátíð Assitej á Íslandi í apríl 2015 á Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Það er einnig verið að skoða möguleikann á því að taka þátt í leiklistarhátíð Assitej í Berlín á næsta ári og að taka þátt í samnorrænu verkefni um skipti á sýningum á milli

Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Einnig er í uppsiglingu samstarf við hið heimsþekkt Grips barna og ungmennaleikhús í Berlín en þau hafa mikinn áhuga á að koma í heimsókn til Íslands og fá sýningu héðan til sín. Leikhúsið er líka samstarfsaðili að umsókn um styrk frá „Creative Europe“ sjóði ESB með Theatro Sacco leikhúsinu í Perugia á Ítalíu og Quendra leikhúsinu í Serbíu.

Nú í ár er að hefjast nýtt tímabil atvinnuleikhúss í Hafnarfirði. Gaflaraleikhúsið hefur síðustu þrjú ár eytt ómældum tíma og miklu fjármagni í að byggja upp nothæft leikhús í skemmunni í Vikingastræti 2. Í byrjun átti leikhúsið 80 beyglaða stóla úr smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, 20 gömul ljós úr Óperunni og enga áhorfendapalla. Nú eru beyglaðu stólarnir farnir, ljósin orðin yfir 100 og traustir áhorfendapallar og þægilegir bíóstólar úr Stjörnuvíó í boði fyrir 220 áhorfendur. Það er í augsýn að leikhúsið geti framleitt verk á ári á eigin spýtur. Það myndi styrkja rekstrargrundvöll leikhússins verulega ef það fengist þríhliða samningur við Menntamálaráðuneytið eða verkefnastyrkur. Það kemur í ljós í byrjun næsta árs hvort að það verði raunin þegar Leiklistarráð úthlutar úr verkefna og launasjóð sviðslistafólks.

Gaflaraleikhúsið hefur fundið fyrir miklum velvilja og meðbyr á sínum fyrstu þremur árum, bæði frá bæjaryfirvöldum, bæjarbúum og öðrum Íslendingum. Okkur finnst miða vel áfram í þeim markmiðum okkar að gera leikhúsið að leikhúsi bæjarbúa og hlúa að leiklistarupplifun og kennslu fyrir börn og ungmenni. Auðvitað er leikhúsið ennþá fátækt af tækjum og tólum en það eru bjartari tímar framundan. Okkar aðalmarkmið er og verður að gera skemmtilegt og skapandi leikhús fyrir hafnfirðinga og nærsveitamenn og því starfi höldum við áfram.

Gaflararnir Ágústa, Björk, Gunnar og Lárus

Rekstraráætlun fyrir leikárið 2014-2015

Rekstur			
			2014-2015
Leikhús			
Leiga			10.200.000
Hiti Rafmagn			744.000
Sorp/Ræsting			300.000
Skrifstofa			850.000
Öryggiskerfi			250.000
Annar kostnaður			350.000
Viðhald búnaðar			420.000
			13.114.000
Laun Framkvæmdastjóra	75% star		3.840.000
Launatengd gjöld			768.000
Laun tæknistjóra	50% star		1.560.000
Launatengd gjöld			312.000
			6.480.000
Samtals kostnaður leikhús			19.594.000
Verkefni			
3 leiksýningar á árinu	framleið		10.600.000
Sýningakostnaður	30 sýnin		7.500.000
Leiklistarskóli/námskeið - laun og			4.800.000
Kostnaður við leigu			500.000
			23.400.000
Veitingasala			
Veitingar vörukaup			940.000
Veitingar laun			240.000
			1.180.000
Samtals gjöld			44.174.000

Tekjur		
Styrkur frá Hafnarfj		20.000.000
Styrkur Leiklistarráð		8.000.000
Miðasala	30 sýn	9.000.000
Skóli/námskeið		5.200.000
Veitingasala		1.800.000
Leiga		900.000
		44.900.000
Staða leikárs		726.000